



Heimspjálfunarfundur  
leiðtoga  
Efla fjölskylduna

**11. FEBRÚAR 2006**

KIRKJA JESÚ KRISTS HINNA SÍÐARI DAGA HEILÖGU

© 2006 Intellectual Reserve, Inc.  
Allur réttur áskilinn  
Printed in Germany

Samþykkt á ensku: 8/04  
Þýðing samþykkt: 8/04

---

# Efnisyfirlit

Hjónaband er nauðsynlegt í eilífri áætlun hans. . . . .	2
<i>Öldungur David A. Bednar</i>	
Hin helga ábyrgð að elska og annast hvert annað . . . . .	8
<i>Öldungur L. Tom Perry</i>	
Á foreldrum hvílir helg ábyrgð. . . . .	13
<i>Bonnie D. Parkin</i>	
Himnesk heimili, ævarandi fjölskyldur . . . . .	18
<i>Thomas S. Monson forseti</i>	
„Fjölskyldan: Yfirlýsing til heimsins“ . . . . .	24

# Hjónaband er nauðsynlegt í eilífri áætlun hans

ÖLDUNGUR DAVID A. BEDNAR  
í Tólfpostulasveitinni



## Fyrirmyndarhjúónaband kenningarinnar

Æðsta forsætisráðið hefur eindregið ráðið að við helgum okkur því af alhug að efla hjónabandið og heimilið. Aldrei hefur verið ríkari þörf á slíkri hvatningu en einmitt núna, er reynt er að draga úr helgi hjónabandsins og mikilvægi heimilisins.

Þótt kirkjan og starfsemi hennar styðji við hjónabandið og fjölskylduna, og takist yfirleitt vel upp við það,

ættum við ætíð að hafa þennan grundvallarsannleika í huga: Enginn annar staður fær leyst heimilið af hólmi eða getur uppfyllt nauðsynlegt hlutverk þess.<sup>1</sup> Ég mun því fyrst og fremst höfða til ykkar sem karla og kvenna, sem eiginmanna og eiginkvenna, sem feðra og mæðra og þar á eftir sem leiðtoga prestdæmis og aðildarfélaga í kirkjunni. Verkefni mitt er að fjalla um nauðsyn eilífs hjónabands í sæluáætlun himnesks föður.

Við munum einbeita okkur að fyrirmyndarhjúónabandi kenningarinnar. Von mín er sú að upprifjun á eilífum möguleikum okkar og áminning um hver við erum og hvers vegna við erum hér í jarðlífinu, muni verða okkur til leiðsagnar, huggunar og aukinnar vonar, hver sem hjúskaparstaða okkar er eða núverandi persónulegar aðstæður. Munurinn á fyrirmyndarhjúónabandi kenningarinnar og raunveruleika daglegs lífs getur stundum virst nokkuð mikill, en þið eruð smám saman að verða

mun betri en þið sennilega áttið ykkur á.

Ég bið ykkur að hafa í huga eftirtaldir spurningar, er við ræðum reglur sem tengjast eilífu hjónabandi.

**Spurning 1:** *Reyni ég í eigin lífi að gera mitt besta til að bæta mig sem eiginmaður eða eiginkona, eða að búa mig undir að vera eiginmaður eða eiginkona, með því að reyna að skilja og tileinka mér flessar grundvallarreglur?*

**Spurning 2:** *Er ég sem leiðtogi prestdæmis eða aðildarfélags að hjálpa fleim sem ég fljóna að skilja og tileinka sér flessar grundvallarreglur, og slannig að efla hjónabandið og heimilið?*

Ég ber vitni um, er við í bænaránda ígrundum þessar spurningar og eigið hjónaband og ábyrgð okkar í kirkjunni, að andi Drottins mun upplýsa huga okkar og kenna okkur það sem við þurfum að gera og að bæta okkur (sjá Jóh 14:26).

## Hvers vegna hjónaband er nauðsynlegt

Í „Fjölskyldan: Yfirlýsing til heimsins,“ greina Æðsta forsætisráðið og Tólfpostulasveitin frá því „að hjónaband milli karls og konu [sé] vígt af Guði og að fjölskyldan [sé] kjarninn í áætlun skaparans um eilíf örlög barna hans.“<sup>2</sup> Þessi lykilstetning yfirlýsingarinnar segir okkur margt um kenningarlegt gildi hjónabandsins og undirstrikar mikilvægi hjónabandsins og fjölskyldunnar í áætlun föðurins. Réttmætt hjónaband er boðorð og



nauðsynlegt skref í því ferli að mynda kærleiksrík fjölskyldutengsl, sem mögulegt er að varðveita handan grafar.

Tvær óyggjandi kenningarlegar ástæður auðvelda okkur að skilja hvers vegna eilíft hjónaband er nauðsynlegt í áætlun föðurins.

**Ástæða 1:** *Eli karlkyns og kvenkyns anda er á fullkomna hvor annan og flvi er körlum og konum ætla á flróast saman til upphafningar.*

Eilíft eðli og mikilvægi hjónabandsins verður aðeins fyllilega skilið í heildarsamhengi við áætlun föðurins fyrir börn hans. „Allar mannlegar verur – karlar og konur – eru skapaðar í mynd Guðs. Hver þeirra er ástær andasonur eða dóttir himneskra

foreldra, og ... á ... sér guðlegt eðli og örlög.“<sup>3</sup> Hin mikla sæluáætlun gerir andasonum eða dætrum himnesks föður kleift að hljóta efnislíkama og öðlast jarðneska reynslu til að feta í átt að fullkomnun.

„Kynferði er nauðsynlegur eiginleiki einstaklingsins, sem einkennir hann og samræmist tilgangi hans í fortilveru, jarðneskri tilveru og um eilífð“<sup>4</sup> og ákvarðar að stórum hluta hver við erum, hvers vegna við erum hér á jörðu og hvað við eigum að gera og verða. Í guðlegum tilgangi eru karlkyns og kvenkyns andar frá-

brugnir og bæta hvor annan upp.

Eftir sköpun jarðar var Adam settur í aldingarðinn Eden. Mikilvægt er að

Guð sagði það „eigi [vera] gott, að maðurinn [væri] einsamall (1. Mós 2:18; HDP Móse 3:18) og Eva varð félagi og meðhjálp Adams. Hin sérstæða og aðgreinda andlega, líkamlega, huglega og tilfinningalega samsetning karla og kvenna var nauðsynleg til að útfæra sæluáætlunina. Einsömul geta hvorki karlinn né konan uppfyllt tilgang sköpunar sinnar.

Samkvæmt guðlegri tilnefningu er körlum og konum ætlað að þróast saman til fullkomunar og fyllingu dýrðar. Vegna mismunandi lundarfars

þeirra og hæfileika, kemur hvort um sig með sérstaka lífssýn og bakgrunn í hjónabandið. Karlinn og konan leggja mismunandi af mörkum, en þó jafnan hlut, til einnar heildar og einingar sem ekki verður náð á nokkurn annan hátt. Karlinn fullkomnar konuna og konan fullkomnar karlinn, þegar þau læra af hvort öðru og styrkja og blessa hvort annað. „Þó er hvorki konan óháð manningunum né maðurinn konunni *í samfélaginu við Drottin*“ (1 Kor 11:11; leturbreyting hér).

**Ástæða 2:** Fyrir guðlega tilnefningu, þarf bæði karl og konu til að færa börn í jarðlífið og mynda rétta umgjörð til uppeldis og umönnunar barna.

Boðorðið sem Adam og Evu var fyrir löngu gefið um að margfaldast og uppfylla jörðina er enn í gildi. „Guð hefur boðið að hinn helgi sköpunarkraftur skuli aðeins notaður milli karls og konu í löglega vígðu hjónabandi. ... Leiðin til sköpunar jarðlífsins [er] guðlega tilnefnd.“<sup>45</sup> Og þannig er hjónaband karls og konu hin réttmæta leið fyrir anda að koma úr fortílveru til jarðlífs. Algjört bindindi á kynlíf fyrir hjónaband og fyllsta tryggð í hjónabandi varðveitir helgi þessarar guðlega tilnefndu leiðar.

Heimili þar sem eiginmaður og eiginkona eru ástúðleg og trygg hvort öðru, er albesta umgjörðin til að ala börn upp í kærleika og réttlæti, og til að uppfylla andlegar og líkamlegar þarfir þeirra. Rétt eins og karlar og konur búa hvort fyrir sig yfir sínum

einstæðu persónueiginleikum til að fullkomna hjónabandið, þá eru þessir sömu persónueiginleikar nauðsynlegir til að ala upp og annast börn og kenna þeim. „Börn eiga rétt á því að fæðast innan hjónabandsins, vera alin upp af föður og móður sem heiðra hjóna-



**Öldungur Parley P. Pratt greindi frá þeim blessunum sem verða okkar þegar við lærum um og skiljum fyrirmyndarhjúaband kenningarinnar og kappkostum að tileinka okkur það.**

bandseiða sína af fullkominni tryggð.“<sup>46</sup>

#### Leiðbeiningarreglur

Þær tvær kenningarlegu ástæður sem við höfum farið yfir um mikilvægi eilífs hjónabands í sæluáætlun föðurins, leggja til reglur fyrir þá sem búa sig undir hjónabandið, fyrir þá sem þegar hafa stofnað til hjónabands og sem tengjast þjónustu okkar í kirkjunni.

**Regla 1:** *Mikilvægi eilífs hjónabands verður ævins fyllilega skilið*

*í heildarsambengi við sæluáætlun föðurins.*

Við ræðum oft um og leggjum áherslu á að hjónabandið sé grundvallareining samfélagsins, að það leggi grunn að öflugri þjóð og að það sé nauðsynleg félagsleg og menningarleg stofnun. En fagnaðarerindið auðveldar okkur að skilja að það er mikið meira!

Ræðum við hugsanlega um hjónabandið án þess að kenna nægilega mikilvægi hjónabandsins í áætlun föðurins? Áhersla á hjónabandið án tengingar við hina einföldu grundvallarkenningu um sæluáætlunina, veitir ófullnægjandi leiðsögn, vernd eða von í heimi sem stöðugt verður villtari og ranglátari. Vel færi á því að við öll hefðum þessa kennslu Alma í huga: „Guð gaf [mannanna börnum] þess vegna boðorð, *eftir* að hafa kunngjört þeim endurlausnaráætlunina“ (Alma 12:32; leturbreyting hér).

Öldungur Parley P. Pratt greindi fagurlega frá þeim blessunum sem verða okkar þegar við lærum um og skiljum fyrirmyndarhjúaband kenningarinnar og kappkostum að tileinka okkur það:

„Það var Joseph Smith sem kenndi mér að meta hin hjartfólgnu tengsl föður og móður, eiginkonu og eiginmanns, bróður og systur, sonar og dóttur.

Af honum lærði ég að eiginkona hjarta míns gæti orðið mín um tíma og eilífð; og að samkenndin og ást-



úðin milli okkar tveggja ættu rætur í hinni eilífu guðlegu elsku...

Ég hafði áður elskað án þess að vita af hverju. En nú elska ég – af hreinleika – af ákafri, háleitri og innlegri tilfinningu, sem lyftir sál minni upp fyrir allt stundlegt á þessu lága sviði og útvíkkar hana sem úthaf. ... Ég get sem sagt nú elskað í andanum og einnig af skilningi.

Þó lyfti minn kæri bróðir, Joseph Smith, á þessari stundu ... aðeins örlytlum hluta af fortjaldinu og leyfði mér rétt sem snöggvast að líta eilífðina.<sup>47</sup>

Getum við sem karlar og konur, sem eiginmenn og eiginkonur, og sem kirkjuleiðtogar, gert okkur grein fyrir að mikilvægi eilífs hjónabands verður aðeins skilið í heildarsamhengi við sæluáætlun föðurins? Kenningin um áætlunina vekur körlum og konum von og býr þau undir eilíft hjónaband, og fyrir hana sigrast þau á óttanum og óvissunni

sem veldur því að sumir fresta að ganga í hjónaband eða forðast það alfarið. Réttur skilningur á áætluninni styrkir einnig þann ásetning okkar að heiðra staðfastlega hinn eilífa hjónabandssáttmála. Einstaklingsbundið nám okkar, kennsla okkar og vitnisburðargjöf okkar, bæði á heimilinu og í kirkju, munu eflast, er við ígrundum og skiljum þennan sannleika.

**Regla 2:** *Satan stráir á allir karlar og konur séu jafn vansæl bonum sjálfum.*

Lúsifer rífur vægðarlaust niður og rangfærir þær kenningar sem skipta okkur mestu sem einstaklinga, fjölskyldur og allt mannkyn. Að hverju beinir andstæðingurinn sínum djöfullegu kröftum aðallega? Satan vinnur linnulaust að því að rugla fólk í ríminu um kynferði, stuðla að ótímabærri og óréttmætri beitingu sköpunarkraftsins og að koma í veg fyrir réttmætt hjónaband – einmitt vegna þess að hjónabandið er vígt af Guði og að

fjölskyldan er kjarninn í sæluáætluninni. Árásir andstæðingsins á eilíft hjónaband, munu halda áfram að aukast og verða ákafari, tíðari og klókari.

Þar sem við erum nú þátttakendur í baráttu um velferð hjónabandsins og heimilisins, þá veitti ég sérstaka athygli, við síðasta lestur minn í Mormónsbók, hvernig Nefítarnir bjuggu sig undir orrustur við Lamanítana. Ég veitti athygli að Nefítarnir „voru sér ... *me:vitandi* um hvað fyrir [óvinum þeirra] vakti, og bjuggu sig því undir að mæta þeim“ (Alma 2:12–13; leturbreyting hér). Í lestri mínum og námi komst ég að því að *vitneskja um fyrirætlanir óvinnar* er lykiltríði í árangursríkum undirbúningi. Við ættum því að hugleiða fyrirætlanir óvinnar okkar í þessu stríði á síðari dögum.

Áætlun föðurins er hönnuð til að veita börnum hans leiðsögn, til að stuðla að hamingju þeirra og leiða þau örugglega heim til hans að nýju. Árásir Lúsífers á áætlunina eru gerðar til að rugla syni og dætur Guðs í ríminu og gera þau óhamingjusöm og koma í veg fyrir eilífa framþróun þeirra. Hin altæki ásetningur föðurlyginnar er að gera okkur öll „jafn [vansæl] og hann er sjálfur“ (2 Ne 2:27) og hann reynir að brengla það í áætlun föðurins sem hann þolir einna verst. Satan hefur ekki líkama; hann getur ekki gengið í hjónaband; og hann getur ekki eignast fjölskyldu. Og hann reynir stöðugt að draga úr gildi hins guðlega tilnefnda tilgangi kyn-

ferðis, hjónabands og fjölskyldu. Um heim allan sjáum við vaxandi verks- ummerki um áhrifin af verki Satans.

Djöflinn hefur undanfarið reynt að samlaga og lögbinda brenglun í kynferði og hjónabandi. Þegar við lítum eilífðina handan hins dauðlega lífs, reynist okkur auðvelt að sjá að þeir fölsuðu valkostir sem andstæðingurinn setur fram, geta aldrei leitt til þeirrar fullkomnunar sem möguleg er með innsiglið karls og konu, til hamingju réttláts hjónabands, til gleði yfir afkomendum eða blessunar eilífrar framþróunar.

Sé það gefið að við þekkjum ásetning óvinnar okkar, þá verður hvert okkar að leita af mikilli kostgæfni persónulegrar opinberunar um hvernig við getum verndað og varið okkar eigið hjónaband – og hvernig við getum lært og kennt réttar reglur á heimili okkar og í kirkjustarfi okkar, um eilífa þýðingu kynferðis og hlutverk hjónabandsins í áætlun föðursins.

**Regla 3:** *Allar blessanir elsku og hamingju bljótast fyrir sáttmála eilífs hjónabands.*

Drottinn Jesús Kristur er þunga- miðjan í hjónabandsáttmálanum. Takið vinsamlega eftir að staða frelsarans er á topphorni þríhyrningsins, og staða konunnar er við annað grunnhornið og karlsins við hitt grunnhornið. Hugleiðið nú hvað gerast mun í sambandi karls og konu þegar þau staðfastlega hvort fyrir sig „koma til Krists“ og leggja kapp á að „ná ... fullkomnun í honum“ (Moró 10:32). Vegna frelsarans og fyrir frelsarann

komast karlinn og konan nær hvort öðru.

Þegar eiginmaður og eiginkona eru hvort fyrir sig dregin að Drottni (sjá 3 Ne 27:14), þegar þau læra að þjóna og hlúa að hvort öðru, þegar þau takast sameiginlega á við lífið og þroskast saman og verða eitt, og þegar þau verða blessuð fyrir að sameina hina mismunandi eiginleika sína,

munu þau taka að skilja þá fyllingu



**Hjón verða nánari er þau hvort fyrir sig koma af staðfestu til Krists.**

sem himneskur faðir þráir fyrir börn sín. Algjör hamingja, sem er hinn raunverulegi tilgangur áætlunar föðursins, hlýst með því að gera og heiðra hinn eilífa hjónabandsáttmála.

Ein megin ábyrgð okkar sem karla og kvenna, sem eiginmanna og eiginkvenna, og sem kirkjuleiðtoga, er að hjálpa piltum og stúlkum að læra um og búa sig undir réttmætt hjónaband með persónulegu fordæmi. Þegar piltum og stúlkum er með fordæmi sýndur verðugleiki, trúfesti, fórnarlund og hollusta við hjónabandsáttmála okkar, munu þau leitast við að tileikna sér þessar sömu reglur í til-

hugalífi sínu og hjónabandi. Þegar ungt fólk sér að við setjum í fyrirrúm velferð og vellíðan eilífs lífsförunauts okkar, verður það síður eigingjart og fúsara til að gefa af sér, þjóna og vinna að varanlegu jafnræðis sambandi. Þegar piltar og stúlkur skynja gagnkvæma virðingu, ástúð, traust og elsku milli hjóna, munu þau reyna að tileikna sér þá eiginleika í eigin lífi. Börn okkar og æskufólk kirkjunnar mun læra mest af því sem við gerum og erum – jafnvel þótt þau muni tiltölulega lítið af því sem við segjum.

Því miður er það svo að margt ungt fólk í kirkjunni óttast og hrasar, því það er meðvitað um fjölda hjónaskilnaða í heiminum og sáttmálsbrot á eigin heimili og í kirkjunni.

Eilíft hjónaband er ekki einungis stundlegur lögbundinn samningur sem mögulegt er að rifta hvenær sem er, af næstum hvaða ástæðu sem er. Hann er öllu heldur helgur sáttmáli við Guð, sem getur verið bindandi um tíma og alla eilífð. Hollusta og trygð í hjónabandi mega ekki aðeins vera orðin tóm, sem mæld eru fram í vígsluathöfnum, heldur ber þeim að marka þær reglur sem eiga að vera augljósar í hjónabandi okkar.

Komum við auga á eitthvað í fari okkar, er við hugleiðum mikilvægi okkar eigin fordæmis? Er heilagur andi að innblása hugi okkar og milda hjörtu okkar og hvetja okkur til að gera betur og verða betri? Beinum við kröftum okkar að því að efla hjónabandið og heimilið, sem leiðtogar prestdæmis og aðildarféлага?

Hjón þurfa að gefa sér tíma til að efla sig sjálf og heimili sitt gegn árásum andstæðingsins. Komum við ómeðvitað í veg fyrir að eiginmenn og eiginkonur og mæður og feður geti uppfyllt helga ábyrgð sína á heimilinu, þegar við leggjum kapp á að efla kallanir okkar í kirkjunni? Tímasetjum við t.d. stundum ónauðsynlega fundi og athafnir þannig að hjón eigi erfitt með að efla nauðsynlegt samband sitt og sambandið við börn sín?

Þegar við hugleiðum þessar spurningar af einlægni, er ég viss um að andinn er nú þegar og mun halda áfram að hjálpa okkur að læra það sem okkur ber að gera á heimilinu og í kirkjunni?

### **Nauðsynleg andleg hjálp**

Sú ábyrgð okkar að læra og skilja kenninguna um áætlunina, að varðveita og vera fordæmi um réttmætt hjónaband og að kenna réttar reglur á heimilinu og í kirkju, kann að vekja okkur efasemdir um að við fáum ráðið við þetta verkefni. Við erum venjulegt fólk sem þarf að takast á við óvenjulegt verk.

Fyrir mörgum árum reyndum við hjónin mjög að ljúka þeim mörgu krefjandi verkefnum sem tengdust ungum og fjörugum börnum okkar – og kirkju, atvinnu og samfélagsábyrgð. Kvöld eitt, þegar börnin voru sofnuð, ræddum við lengi hvernig okkur gengi að leysa af hendi öll okkar mikilvægi verkefni. Okkur varð



**Ein megin ábyrgð okkar er að hjálpa piltum og stúlkum að læra um og búa sig undir réttmætt hjónaband með persónulegu fordæmi okkar.**

ljóst að við gætum ekki hlotið fyrirheitnar blessanir í eilífðinni, ef við virtum ekki betur sáttmálann sem við höfðum gert í jarðlífinu. Við ásettum okkur saman að gera betur og bæta hjónaband okkar. Þessi lexía, sem okkur lærðist fyrir svo mörgum árum, hefur skipt heilmiklum sköpum í hjónabandi okkar.

Hin ljúfa og einfalda kenning sæluáætlunarinnar veitir dýrmæta sýn á eilífðina og hjálpar okkur að skilja mikilvægi eilífs hjónabands. Við höfum verið blessuð með öllu andlegu sem við þurfum. Við höfum fyllingu kenningar Jesú Krists. Við höfum heilagan anda og opinberun. Við höfum endurleysandi helgiathafnir, sáttmála og musteri. Við höfum prestdæmið og spámennina. Við höfum helgar ritningar og kraftinn í orði

Guðs. Og við höfum Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu.

Ég ber vitni um að við höfum verið blessuð með öllu andlegu til að við getum lært og kennt um hið réttmæta hjónaband og eft það og verndað – og vissulega til að við getum verið hamingjusöm saman sem eiginmaður og eiginkona og börn í eilífðinni. Í hinu heilaga nafni Jesú Krists, amen.

### **HEIMILDIR**

1. Sjá bréf frá Æðsta forsætisráðinu, dagsett 11. febr. 1999; sjá *Liabona*, des. 1999, 1.
2. „Fjölskyldan: Yfirlýsing til heimsins,“ *Vonarstjarnan*, júní 1996, 10.
3. *Liabona*, okt. 2004, 49.
4. *Liabona*, okt. 2004, 49.
5. *Liabona*, okt. 2004, 49.
6. *Liabona*, okt. 2004, 49.
7. *Autobiography of Parley P. Pratt*, ritst. af Parley P. Pratt yngri (1938), 297–98.

# Hin helga ábyrgð að elska og annast hvert annað

ÖLDUNGUR L. TOM PERRY  
í Tólfpostulasveitinni



## Koma jafnvægi á ábyrgð okkar

**M**ér hefur verið falið að fjalla um efni sem tengist eftirfarandi setningu í yfirlýsingu um fjölskylduna: „Eiginmaður og eiginkona bera þá helgu ábyrgð að elska og annast hvort annað og börn sín.“<sup>1</sup> Ég ætla að nálgast efni þetta út frá allt öðru sjónarhorni en þið hafið vanist á fyrri þjálfunarfundum. Ég ætla ekki að vitna mikið í handbækur. Þess í stað ætla ég að ræða við ykkur náið um

þjónustu ykkar í ríki föður okkar á himnum. Tilgangur okkar er að komast að því sameiginlega hvort við fáum betur skilið hvernig koma má jafnvægi á þá ábyrgð að elska og annast fjölskyldu okkar og að rækja aðrar þær sérstöku kallanir sem himneskur faðir hefur falið okkur.

Þegar kirkjan var stofnuð 6. apríl 1830, hlaut spámaðurinn Joseph Smith opinberunina sem nú er skráð í 21. kafla Kenningar og sáttmála. Hluti hennar hljóðar svo:

„Sjá, heimildaskrá skal haldin meðal yðar, og í henni verður þú nefndur sjáandi, þýðandi, spámaður, postuli Jesú Krists og öldungur kirkjunnar fyrir vilja Guðs föðursins og náð Drottins yðar Jesú Krists –

Innblásinn af heilögum anda til að leggja grundvöll hennar og byggja hana upp til hinnar helgustu trúar –

Þess vegna skuluð þér, það er kirkjan, gefa gaum að öllum orðum hans og fyrirmælum, sem hann gefur yður þegar hann meðtekur þau, gang-

andi í fullum heilagleika frammi fyrir mér –

Því að hans orði skuluð þér taka á móti með fullkominni þolinmæði og trú, sem kæmi það af mínum eigin munn“ (K&S 21:1–2, 4–5).

Meðal fyrstu fyrirmælanna sem þessari nýstofnuðu kirkju var veitt, var að fylgja innblæstri og opinberun Drottins, fyrir spámann hans, til að uppfylla þá ábyrgð okkar að byggja upp ríki hans. Hann hefur lofað að leiða okkur í þeim málstað, sem ætti að vera okkar, að vinna að þessu mikla verki.

## Leiðsögn spámansins

Ég tel að Gordon B. Hinckley forseti, og núverandi spámaður okkar, hafi á heimsþjálfunarfundi, 21. júní 2003, greint okkur frá lykilatriði þess að koma jafnvægi á ábyrgð okkar. Á þeim fundi sagði hann:

„Ykkar ... eru forréttindin að vera í skugga frelsara heimsins, er við þokum verkinu áfram. Ykkar er tækifærið að ræða um fegurð friðþægingarblóðs Drottins Jesú Krists í þágu sona hans og dætra. Eru til meiri forréttindi en það?

Fagnið í þeim forréttindum ykkar. Tækifæri ykkar verður ekki ávallt við lýði. Minningin um stórkostlega upplifun ykkar nú verður brátt ein eftir.

Enginn okkar mun áorka því sem við óskum. En gerum okkar besta. Ég verð ánægður ef frelsarinn segir að því loknu: „Gott, þú góði og trúi þjónn“ (Matt 25:21).“<sup>2</sup>



**Á öllum tímum mannkynssögunnar hefur Guð sett fram lögmál sitt til að vernda og verja hið helga samband eiginmanns og eiginkonu.**

Líkt og þið munið, þá gerði hann grein fyrir fjórþættri ábyrgð okkar á fundinum. Fyrsta atriðið á við um umfjöllunarefni þessa fundar. Hann sagði:

Í fyrsta lagi er áriðandi að við vanrækjum ekki fjölskyldu okkar. Ekkert sem þið eigið er henni dýrmætara. Eiginkonur ykkar og börn verðskulda athygli eiginmanns síns og föður. Hvað sem öllu öðru líður, þá eru það fjölskyldubönd okkar sem vara handan þessa lífs. Ég umorða ritninguna örlítið og segi: „Hvað gagnar það manningnum að þjóna kirkjunni trúfastur, ef hann fyrirbýður fjölskyldu sinni?“ (sjá Mark 8:36).<sup>43</sup>

Þetta hefur verið endurtekinn boðskapur spámanna okkar allt frá stofnun kirkjunnar á fyrri tíma. Mikilvægast er að kenna fjölskyldunni

fagnaðarerindið og leiðtogahæfni á heimilinu. Ef við fylgjum þessari leiðsögn, munum við úthluta verkefnum og skipuleggja dagskrár, athafnir og nám, sem verða fjölskyldum okkar til hagsældar.

#### **Koma á rétttri forgangsröðun**

Hvernig við nýtum tíma okkar og hvernig okkur tekst að koma jafnvægi á eigið líf, leggur grunn að því hversu vel okkur tekst að framfylgja skyldum okkar í fjölskyldunni og kirkjunni. Beitið ykkur sjálfsgaga við að fylgja leiðsögn spámansins um forgangsröðun og tímanýtingu.

#### **Eilífur förunautur ykkar**

Hefjist handa með því að ræða við eilífan félagar ykkar um hversu mikinn tíma þið þurfið til að styrkja

hjónaband ykkar, sem sýnir ást ykkar til hvors annars. Það setjið þið fremst.

Kirkjunni er ætlað að hjálpa einstaklingum og fjölskyldum að koma til Krists og öðlast eilíft líf. Eilíft líf er stærsta gjöf Guðs til barna hans og hana er aðeins hægt að öðlast fyrir fjölskyldubönd. Samband þetta verður að hefjast með sameiningu eiginmanns og eiginkonu, sem er helgur hlutur í augum Drottins og nokkuð sem ekki má hafa í flimtingum. Hjónabandssáttmálinn er nauðsynlegur í áætlun Drottins og í tilgangi hans með sköpun himna og jarðar. Á öllum tímum mannkynsögunnar hefur hann sett fram guðlegt lögmál sitt til að vernda og verja hið helga samband eiginmanns og eiginkonu.



**Foreldrar ættu að sjá börnum sínum fyrir mikilvægustu kennslu lífs þeirra.**

### *Börn ykkar*

Í öðru lagi þarf að huga að andlegum þörfum barna ykkar. Hversu mikinn tíma þarf að gefa þeim til að gæta þess örugglega að við séum náin þeim? Það er ábyrgð ykkar, sem feður og mæður, að sjá þeim fyrir nægilegum tíma til kennslu, því foreldrar ættu að sjá börnum sínum fyrir mikilvægustu kennslunni. Okkur þarf að vera ljóst hvað kirkjan kennir börnum okkar svo að það sem við kennum hverju barni sé í samhljóm við þá kennslu. Í bæklingnum *Til styrktar æskunni*, er til að mynda vitnað í yfirlýsinguna um fjölskylduna, sem veitir æskufólkinu þessa leiðsögn um fjölskyldur:

„Hamingju í fjölskyldulífi er helst að finna þegar byggt er á kenningum Drottins Jesú Krists. Farsælt hjónaband og fjölskyldulíf byggist og varð-

veitist á reglum trúar, bænar, iðrunar, fyrirgefningar, virðingar, kærleika, umhyggju, vinnu og heilbrigðrar dægrastyttingar.“<sup>4</sup>

Í bæklingnum er einnig ritað: „Það að tilheyra fjölskyldu er mikil blessun. Fjölskyldan sér ykkur fyrir félagsskap og stuðlar að hamingju ykkar, kennir ykkur réttar reglur í ástríki og býr ykkur undir eilíft líf. Ekki eru allar fjölskyldur eins, en allar eru þær mikilvægar í áætlun himnesks föður.

Gerið ykkar hlut í að stuðla að hamingjuríku heimili. Verið glaðvær, hjálpsöm og tillitssöm við aðra. Rekja má fjölmörg vandamál fjölskyldulífs til sjálfselsku og óvarlegs talsmáta. Látið ykkur skipta þarfir annarra í fjölskyldunni. Verið friðelskendur í stað þess að ögra, slást og deila. Hafið í huga að fjölskyldan er helgasta eining kirkjunnar.“<sup>5</sup>

### *Framfæra fjölskyldu okkar*

Þriðja forgangsattriðið er að framfæra fjölskyldu okkar. Enn vitna ég í yfirlýsinguna um fjölskylduna:

„Samkvæmt guðlegri áætlun eiga feður að sitja í forsæti fjölskyldu sinnar í kærleika og réttlæti og bera þá ábyrgð að sjá henni fyrir nauðsynjum lífsins og vernda hana.“<sup>6</sup>

Í síbreytilegum heimi er nauðsynlegt að við bætum okkur stöðugt, svo okkur dagi ekki uppi í kunnáttu okkar í atvinnulífinu. Jafnvel þótt við séum önnur kafin í kirkjustarfinu, þá ættum við ekki að sleppa tækifærum til að auka hæfni okkar og bæta stöðu fjölskyldunnar. Það krefst þess að við gefum okkur nægilega mikinn tíma til að huga að framtíðinni.

Leiðsögn þessi á ekki aðeins við um bræðurna, heldur einnig systurnar. Þótt sú ábyrgð að sjá fjölskyldu sinni farborða hvíli einkum á feðrum,

segir einnig í yfirlýsingunni: „Sjúkdómar, andlát eða aðrar aðstæður“<sup>7</sup> geta leitt til þess að þið systurnar þurfið að beita og bæta kunnáttu ykkar til að sjá fyrir fjölskyldu ykkar.

### *Þjónusta í kirkju*

Fjórða forgangsatridið er sú ábyrgð okkar að helga tíma okkar kirkjustarf- inu. Virkar fjölskyldur Síðari daga heilagra meta mikils þann tíma sem þær helga kirkjunni og ákveða í fjölskyldulífi sínu að gefa sér tíma til þess.

Leiðtogar þurfa að vera sérlega næmir á aðstæður fjölskyldna þegar þeir veita kallanir og setja fram kröfur. Fjölskyldur ungra barna, þar sem báðir foreldrar hafa krefjandi kallanir sem þarf að sinna utan heimilisins, eru líklegastar til að finna kirkjustarfið koma niður á fjölskyldu- lífi þeirra. Kirkjuleiðtogar geta komið til hjálpar með því að meta og viður-

**Við getum aukið samverustundir okkar með fjölskyldunni meðan við þjónum í kirkjuköllum okkar.**



kenna þá viðleitni meðlima að koma á jafnvægi kirkju- þjónustu og fjölskyldulífs.

### **Fá fjölskyldu okkar til þátttöku**

Við getum aukið samverustundir okkar með fjölskyldunni meðan við þjónum í kirkjuköllum okkar með því að fá hana til að taka þátt í þjón- ustu okkar, sé það viðeigandi. Ég ætla að nefna eitt dæmi úr eigin lífi.

Faðir minn þjónaði sem biskup á æskuárum mínum. Hann var önnun kafinn maður er vann við lögmans- störf. Hann var einnig virkur í samfé- lagsmálum og eftirsóttur við opinber ræðuhöld. Og svo var hann auðvitað sex barna faðir. Ég var alltaf þakklátur fyrir að faðir minni kunni að forgangsráða. Móðir mín gekk alltaf fyrir hjá honum. Það var augljóst af því hvernig hann kom fram við hana. Þar á eftir helgaði hann sig hverju barni sínu.

Þegar ég var um sex ára gamall, fékk ég rauðan flutninga- vagn í jólagjöf. Hann var nákvæmlega eins og þessi í smækkaðri mynd. Litli rauði flutningavagninn styrkti böndin milli mín og



föður míns. Í önnun sínum varð hann að finna leiðir til að fá fjölskyldu sína til að taka þátt í störfum sínum án þess þó að rýra eigin árangur.

Stór hluti þjónustu hans sem bisk- ups var í Kreppunni miklu á fjórða áratug tuttugustu aldarinnar. Margir deildarmeðlimir okkar áttu í miklu basli. Sem biskup hvíldi á honum sú ábyrgð að sjá þeim fyrir birgðum til lífsviðurværis. Það virtist gott starf fyrir biskup, son hans og lítinn rauðan flutningavagn.

Þegar ég kom heim úr skóla og sá stafla af sykursekkjum og hveiti- sekkjum og öðrum vörum fyrir utan bílskúrinn var mér ljóst að við faðir minn yrðum saman um kvöldið.

Þegar hann kom heim var litli rauði flutningavagninn hlaðinn vörum til að færa einhverri fjölskyld- unni. Við tveir gengum og ræddum saman og lukum því velferðarverkefni okkar að færa hinum þurfsandi mat- væli.

Ég fékk sjálfur að fylgjast með hvernig ástúðlegur og umhyggju- samur prestdæmisleiðtogi bar sig að við deildarmeðlimi sína. Og það sem meira var, mér gafst kostur á að eyða dýrmætum tíma með föður mínum.

### **Einbeita sér að grundvallaratriðum**

Ég hvet ykkur til að gera það sem ykkur var kennt á fyrsta heimsþjálfun- arfundinum. Við minnum ykkur á að kirkjueiningar hafa mismunandi þarfir og eru á hinum ýmsu þróunarstigum.





Nauðsynlegt er að huga að fjölskyldunum þegar kirkjustarfið er skipulagt.

Við hvetjum ykkur enn á ný til að veita ekki meðlimum ykkar fleiri en eina kirkjuköllun, að auki við heimilis-kennslu og heimsóknarkennslu.

Beitið ykkur sjálfsgaga og haldið ykkur við forgangsatríðin og þið munið undrast yfir hvernig innblástur Drottins mun leiða ykkur er þið framfylgið skyldum ykkar sem þjónar í ríki hans.

Hin endurreista kirkja hefur það markmið að auðvelda okkur og gera okkur kleift að aðstoða Drottin í því verki hans að gera ódauðleika og eilíft líf mannsins að veruleika. Megintilgangurinn með þessu er að styrkja fjölskyldur. Á tíma hnignandi siðferðis, og óvissu og ólgu sem alls staðar ríkir í heiminum, og óstöðugleika hagkerfa, er nauðsynlegt að við

beinum kröfum okkar enn frekar að því að styrkja og efla fjölskyldur. Hinn raunverulegi tilgangur kirkjunnar er að aðstoða fjölskyldur við að hljóta sáluhjálp og upphafningu í eilíft ríki himins.

### Fjölskyldan – Leiðarvísir

Fyrir nokkrum árum gáfum við út sérstakan bækling sem heitir *Fjölskyldan – Leiðarvísir*. Hann er ætlaður öllum meðlimum, einkum þó nýjum trúskiptingum eða þeim sem hafa litla reynslu af kirkjunni. Við hvetjum ykkur til að nota hann. Hann hefst á þessari staðhæfingu:

„Fjölskyldan er grunneining Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu og mikilvægasta félagseining um tíma og eilífð. Guð stofnaði fjölskyldur til að stuðla að hamingju barna sinna og

gefa þeim kost á að til-einka sér réttar reglur við ástúðleg skilyrði og búa þau undir eilíft líf.

Best er að kenna, læra og tileinka sér reglur fagnaðarerindisins á heimilinu.<sup>48</sup>

Við hvetjum ykkur enn á ný að nýta ykkur gagnlegt efni þessa bækling.

### Fordæmi frelsarans

Drottinn okkar og frelsari þjónaði fólkinu persónulega, uppörvaði hina undirokuðu, vakti hinum sorgbitnu von og leitaði hinna týndu. Hann sýndi í orði og verki að hann elskaði fólkið, skildi það og var þakklátur fyrir það. Hann bar kennsl á guðlegt eðli og eilíft gildi sérhvers einstaklings. Jafnvel þegar hann kallaði fólk til iðrunar, fordæmdi hann syndina án þess að að fordæma syndarann.

Sem kirkjuleiðtogar ættum við, líkt og frelsarinn, að elska þá sem við þjónum, auðsýna sérhverjum umhyggju. Ég bið þess að Drottinn megi blessa okkur í hinni helgu ábyrgð sem hann hefur falið okkur. Í nafni Jesú Krists, amen.

### HEIMILDIR

1. „Fjölskyldan: Yfirlýsing til heimsins,“ *Vonarstjarnan*, júní 1996, 10.
2. „Gleðjist í forréttindum þjónustu,“ *Heimspjálfunarfundur leiðtoga*, 21. júní 2003, 24.
3. *Heimspjálfunarfundur leiðtoga*, 21. júní 2003, 22.
4. *Liabona*, okt. 2004, 49.
5. *Til styrktar æskunni* (bæklingur, 2001), 10.
6. *Liabona*, okt. 2004, 49.
7. *Liabona*, okt. 2004, 49.
8. *Fjölskyldan – Leiðarvísir* (2001), 1.

*Fjölskyldan – Leiðarvísir (birgðanúmer: 31180). Hægt er að fá bækling þennan í dreifingarstöðvum og þjónustustöðvum.*



# Á foreldrum hvílir helg ábyrgð

BONNIE D. PARKIN

Aðalforseti Líknarfélagsins



## Fjölskylduábyrgð

**E**f ég ætti þess kost að velja eitt-hvað eitt til handa foreldrum og leiðtogum þessarar kirkju, yrði það að þeir gætu dag hvern fundið kærleika Drottins, er þeir annast börn himnesks föður. Ekki er víst að orð mín snerti ykkur, heldur það sem andinn hvíslar í hjarta ykkar. Fylgið þeim ljúfa innblæstri.

Ég man greinilega eftir því þegar yfirlýsingin um fjölskylduna var veitt: Hinn 23. september 1995. Ég var í Laufskálanum á aðalfundi Líknarfélagsins. Hinckley forseti var lokaræðumaður. Hann kynnti

„Fjölskyldan: Yfirlýsing til heimsins.“ Söfnuðinn setti hljóðan og greina mátti eftirvæntingu; viðbrögð sem lýsa má með orðunum: „Já, við þurfum á hjálp að halda með fjölskyldur okkar!“

Ég minnst þess að hafa fundist hún hljóma svo rétt. Tár runnu niður vanga mína. Mér var lítið á systur er sátu nærri mér og þær virtust upplifa álíka tilfinningar. Yfirlýsingin var svo efnismikil að ég gat vart beðið þess að fá eintak af henni til að kynna mér hana enn frekar. Yfirlýsingin staðfestir sæmd kvenna. Og vel á minnst, þá var hún fyrst veitt konum í kirkjunni á aðalfundi Líknarfélagsins – og því veit ég að Hinckley forseti metur kvenþjóðina mikils.

Við erum öll hér sem leiðtogar. Við erum önnum kafin. En ég verð að hafa í huga – líkt og þið – að mikilvægasta ábyrgðin er okkar eigin fjölskylda. Hafið í huga að hún er ein fárra blessana sem við fáum að taka með okkur í eilífðunum!<sup>1</sup> Newel K. Whitney var biskup í Kirtland á fyrstu tíð kirkjunnar. Hann hlýtur að hafa verið nokkuð önnum kafinn við að koma miklu góðu til leiðar, líkt og þið bisk-

uparnir sem nú á hlustið. En hann var agaður af Drottni og honum boðið að „koma reglu á fjölskyldu sína“ (K&S 93:50; leturbreyting hér). Bræður og systur, leiðsögn þessi á við um okkur öll.

Mörg ykkar eru foreldrar eða afar eða ömmur, eða munuð einhvern tíma verða það. En hvort sem við erum gift eða ekki þá eigum við öll fjölskyldu. Staldrið örlítið við og hugsjið um fjölskyldu ykkar. Hvað finnst ykkur yndislegt við hana? Eitt af því sem mér finnst yndislegt við mína fjölskyldu er að synir mínir fjórir hafa gaman af að vera í félagsskap hvers annars.

Hvaða kennslu um fjölskylduna er að finna í yfirlýsingunni? Ég ætla að taka fyrir eina málsgrein: „Samkvæmt guðlegri áætlun eiga feður að sitja í forsæti fjölskyldu sinnar í kærleika og réttlæti og bera þá ábyrgð að sjá henni fyrir nauðsynjum lífsins og vernda hana. Meginábyrgð mæðra er að annast börnin. Við þessa helgu ábyrgð ber feðrum og mæðrum skylda til að hjálpa hvort öðru sem jafningjar.“<sup>2</sup>

Ég ann orðunum: „Samkvæmt guðlegri áætlun.“ Foreldrahlutverði er hluti af hinni guðlegu áætlun himnesks föður fyrir börn hans. Sem foreldrar höfum við þá guðlegu ábyrgð að sjá fyrir börnum okkar, vernda þau og veita þeim uppeldi.

Hvernig geta reglurnar – að *sjá fyrir*, *vernda* og *ala upp* – gert okkur kleift að koma upp réttlátum börnum?



### Sjá fyrir

Yfirlýsingin segir að foreldrum beri að sjá fyrir „nauðsynjum lífsins.“ En hverjar eru þessar nauðsynjar lífsins? Já, þær eru þak yfir höfuðið og matur á borðið. En við vitum að fleira býr þar undir vegna fagnaðarerindisins. Þær eru einnig hæfni – allt það sem eflir persónuleikann. Við skulum velta fyrir okkur fáeinu sem tengist slíku.

Við sjáum fyrir börnum okkar þegar við kennum þeim að vinna. Ég ætla að segja ykkur frá Jacob, ömmu-syni mínum. Hann vildi ekki fara í skólann. Mamma hans hafði reynt fjölmargt. Loks lét hún hann setjast niður og sagði við hann: „Hlutverk þabba þíns er að fara í vinnuna til að afla okkur tekna. Hlutverk mitt er að vera heima og hugsa um þig og systkini þín. Og hlutverk þitt, Jacob, er að fara í skólann.“ Þegar Jacob skildi þetta fyrirkomulag samþykkti hann að fara í skólann.

Við kennum börnum okkar einnig að vinna með því að fela þeim störf á

heimilinu og að vinna utan heimilisins, sé það viðeigandi. Við hjálpum börnum okkar að sjá fyrir sér alla ævi með því að kenna þeim gildi vinnuseminnar. Byrjið snemma! Eiginmaður minn segir stærstu gjöf föður síns til hans hafa verið sjálfstæði – vegna þess að hann kenndi honum að vinna.

Góð fjármálastjórnun gerir okkur einnig kleift að sjá vel fyrir okkur. Skipuleggið fjármálin saman sem foreldrar. Kennið börnum ykkar að greina á milli langana og þarfa. Gerið ekki óraunhæfar fjárhagskröfur til maka ykkar. Þegar Hinckley forseti hafði hvatt okkur til að losa okkur við skuldir, vissi ég af föður sem settist niður með giftum börnum sínum og bað þau að greina sér frá fjárhag sínum. Hann varð undrandi þegar hann komst að því að tvö þeirra áttu í alvarlegum fjárhagsvand-ræðum. Hann spurði þau þá hvort hann gæti hjálpað þeim að gera fjárhagsáætlun.

Menntun og fagþjálfun gerir foreldrum kleift að sjá fyrir sér og börnum sínum. Hvetjið börn ykkar til að afla sér allrar þeirrar menntunar sem þau eiga kost á. Í sumum

löndum fær ungt fólk ekki lán úr námslána-sjóðum, því það hefur ekki lokið við grunnskóla. Í heimi nútímans er mjög mikilvægt að foreldrar haldi áfram að læra.

### Vernda

Önnur reglan sem ég ætla að ræða um er að *vernda*. Vernda gegn hverju? Gegn skaða – bæði líkamlegum og andlegum. Við verndum börn okkar þegar við kennum þeim að þau hafi guðlegt gildi, þegar við förum í kirkju sem fjölskylda, þegar við höfum fjölskyldukvöld, þegar við höfum fjölskyldubæn, þegar við lærum ritningarnar. Allt virðist þetta fremur einfalt, en ég ber vitni um að í þessu felst öflug vernd.

Yfirlýsingin segir foreldra hafa þá heldu ábyrgð að vernda börn sín. Misþyrmingar geta verið tilfinningalegs eðlis, til að mynda að tala niðrandi við maka sinn eða barn sitt, brjóta niður sjálfsmat þeirra og veita þeim ekki elsku og ástúð. Feður vernda ekki fjölskyldu sína þegar þeir lemja eða slá eiginkonu sína eða börn. Systir í Vestur-Afríku sagði föður sinn hafa lamið móður sína og börnin áður en þau gengu í kirkjuna. „Núna,“ sagði hún, „kemur hann fram við okkur af virðingu og ljúfsemi, vegna þess að honum er ljós að við erum börn Guðs.“

Foreldrar vernda börn sín með því að fylgjast með hvaða vini þau velja sér. Unglingsstúlka nokkur varð reið þegar faðir hennar innti hana eftir því hvað hún gerði á kvöldin. Faðir hennar útskýrði að yfirlýsingin segði að hann ætti að vera verndari fjöl-

skyldu sinnar, að hann elskaði dóttur sína og vildi því ganga úr skugga um að allt væri í lagi.

Við verðum líka að vernda börn okkar gegn áhrifum fjölmiðlanna. Við þurfum að vita hvað börn okkar horfa á í sjónvarpi, í leikhúsi og á heimilum vina sinna. Ef talva er á heimili ykkar, gangið þá úr skugga um að hún sé nýtt til einhvers sem er „dyggðugt, fagurt, háleitt eða lofsvert“ (Trúaratriðin 1:13).

Við njótum verndar þegar við fylgjum lifandi spámanni. Hvernig hafið þið notið verndar sem fjölskylda af því að fylgja þeirri leiðsögn Hinckleys forseta að lesa Mormónsbók? Nýverið fékk ég bréf frá systur í Englandi. Hún skrifaði:

„Ég og börnin höfum reynt að gera okkar besta á síðastliðnu ári, þótt eiginmaður minn hafi ákveðið að hætta að sækja kirkju. Hann hefur verið virkur alla ævi og hefur verið í biskupsráði. Ég hef ákallað Drottin af öllu hjarta um hvað ég geti gert til að finna



ekki til reiði og biturleika. Ein hef ég fjölskyldukvöld og fjölskyldubæn með börnum okkar. Þegar ég var í musterinu fann ég mig knúna, vegna áskorunarinnar um lestur Mormónsbókar, til að hafa ekki ritningargestund einsömum með börnunum, heldur að fara með börnin og ritningararnar til eiginmanns míns, hvar sem hann kunni að vera í húsinu. Svo við leituðum hann upp kl. níu hvert kvöld. Hann les með okkur – ekki í fyrstu, en núna gerir hann það. Hann kemur nú á kirkjusamkomur, er með okkur á fjölskyldukvöldum og leiðir umræður um fagnaðarerindið. Börnin mín voru fætur Drottins er færðu eiginmanni mínum hið endurleysandi orð. Þetta hefur orðið fjölskyldu minni til mikillar blessunar.“



#### Ala upp

Þriðja og síðasta reglan er *að ala upp*. Hvað er uppeldi? Hvað felst í því? Hver er grunntóni þess? Uppeldi hefur að grunntóni ritningargreinina sem segir: „Með fortölum einum, með umburðarlyndi, með mildi og hógværd og með fölskvalausri ást – með góðvild“ (K&S 121:41–42). Ég ætla einungis að tilgreina nokkur dæmi.

Ég tel uppeldi vera ástúðlega ögun. Móðir nokkur grípur inn í þegar barn hennar hlýðir ekki. Hún tekur um höfuð þess báðum höndum, horfir í augu þess og segir: „Hlustaðu á það sem ég segi.“ Við verðum að kenna börnum okkar rétta ákvarðanatöku. Við getum ekki breytt afleiðingum gjörða þeirra. Minnst þess að kjarninn í áætlun himnesks föður er sjálfræði.

Hvað felst í uppeldi? Oft fer kennslan og efling fjölskyldubanda fram á stuttum og óskipulögðum stundum í

okkar daglega lífi. Kvöldverðarborðið er tilvalið til samskipta; greina frá daglegum gjörðum, hlusta á og hvetja hvert annað og jafnvel hlægja saman. Ég veit að hlaturinn léttir lífið. Kæru mæður og feður, hafið máltíðir reglu-bundið fyrir fólkið sem þið elskið.

Hafið þið skilað hlutverki ykkar þegar börnin eru vaxin úr grasi og orðin sjálfstæð? Nei, því líkur aldrei. Okkar mikilvæga málefni er að skapa eilífar fjölskyldur. Þegar ég og eiginmaður minn þjónuðum í trúboði í Englandi, kom einn sonur okkar með fjölskyldu sína í heimsókn. Ég minnst þessara orð hans þá: „Við komum til að láta ala okkur upp.“ Einu sinni foreldri, alltaf foreldri. Er það ekki fyrir bestu? Þegar ég lauk við lestur Mormónsbókar í desember, varð mér ljóst að jafnvel Mormón veitti full-orðnum syni sínum, Moróni, þessa leiðsögn: „Sonur minn, vertu trúr í Kristi. ... Megi Kristur lyfta þér upp, ... og miskunn hans og langlyndi og vonin um dýrð hans og eilíft líf hvíla í huga þínum að eilífu“ (Moro 9:25). Hver er grunntónn uppeldis? Stundum er aðeins mögulegt að draga út úr unglíngi eins atkvæða orð þegar við reynum að fá fram svör. Hér er ein spurning sem hefur verið mér afar gagnleg við að breyta því: „Hver er erfiðasti vandi þinn einmitt núna?“ Þessi spurning gefur unglíngi kost á að ljúka upp hjarta sínu. Og ljúki hann upp hjarta sínu, skuluð þið bara hlusta! Ekki dæma eða ráðleggja eða gera nokkuð annað. Hlustið aðeins. Þið verðið undrandi yfir tjáskiptunum og tengslunum sem myndast. Biskupar og ráðgjafar, þessi spurning getur skilað miklum árangri er þið eigið viðtal við unga fólkið í deild ykkar.

Uppeldi hefur fjölskyldubætur að grunntóni. Ein sterkasta minningin um föður minn er þegar við systkinin krupum við rúm foreldra okkar, í þröngu svefnherberginu, og við hlýddum á föður okkar ákalla himneskan föður um að blessa móður okkar, sem var á sjúkrahúsi. Að heyrja föður minn úthella hjarta sínu, auðveldaði mér að eignast fullvissu um að Guð væri á himnum og hlustaði. Biðjið fyrir börnum ykkar varðandi skólanám þeirra og að þau njóti verndar yfir daginn. Börn okkar skynja elsku okkar og væntingar þegar þau hlusta á okkur biðja fyrir þeim.

#### **Efla fjölskyldur**

Hvernig styrkjum við og styðjum þær fjölskyldur sem við þjónum sem leiðtogar? Þið getið notað þessar sömu reglur – sjá fyrir, vernda og ala upp – til að efla fjölskyldurnar í deild ykkar.

Leiðtogar styrkja foreldra með því að virða þá, en ekki að taka fram fyrir hendur þeirra þegar börn þeirra eru annars vegar. Þið getið verið leiðbeinendur, þið getið rætt sameiginleg áhugamál, en verðið að beygja ykkur undir vilja foreldranna. Móðir nokkur sagði: „Mér finnst oft að eiginmaður minn og ég séum sísta fólkið sem unglíngssonur okkar vill ræða við. Stundum hefur sonur okkar ekki hlustað á okkur og látið undan þrýstingi jafnaldra sinna. Ég er þakklát fyrir skynsama kirkjuleiðtoga sem leiðbeint hafa syni okkar. Þeir hafa aldrei vanvirt hlutverk okkar sem foreldra. Þeir hlustuðu, lögðu áherslu á leiðsögn *okkar* og vísuðu unglíngum okkar til okkar.“

Við höfum öll þarfir sem fjölskyldur. Hér eru nokkur ljúfsár orð um móður sem var einsömul við uppeldið. Ég ætla að segja ykkur frá fimm barna móður sem átti eiginmann sem var við skyldustörf í ókunnugu landi. Hún sagði:

„Þegar eiginmaður minn fór snemma í febrúar, áttum við þrjá öku-færa bíla. Í nóvember höfðu þeir þó allir bílað og okkur tókst aðeins að laga tvo þeirra. Á þessum tíma sagði sautján ára sonur minn mér að hann hugðist ekki fara í trúboði, því hann væri ekki viss um að fagnaðarerindið væri sannleikur. Hafi ég enhvern tíma haft þörf á prestdæmisblessun á ævi minni, þá var það á þessum tíma. Ég man ekki hvert smáatriði, eða hvenær og hvar, en ég man greinilega eftir að hafa fengið fleiri en eina blessun frá umhyggjusömum prestdæmishöfum á þessum tíma. Ég vissi alltaf að ég gat hringt í heimiliskennara mína og þeir kæmu að vörmu spori. Hvorugur þeirra gat lagfært bílinn, en þeir gátu veitt mér þráða prestdæmisblessun og fundið einhvern sem gat lagfært hann.

Trúfastir heimiliskennarar gerðu gæfumuninn hjá þessari fjölskyldu og þeir geta gert slíkt hjá öllum einstæðum foreldrum, er þeir kynnast þeim, ávinna sér traust þeirra og veita prestdæmisblessanir. Biskupar, leiðtogar háprestaflokka og öldungasveitarforsetar – slíkar mæður þurfa prestdæmisblessanir á heimili sitt og einnig hinar einhleypu undraverðu systur.

Fyrir tíu árum varaði Hinckley forseti við „hægfara hnignun heimsins,“ þegar hann kynnti yfirlýsinguna. Hin spámannlega yfirlýsing staðfesti „reglur, kenningar og framgang“<sup>3</sup> Drottins varðandi fjölskylduna.



**Leiðtogar styrkja foreldra með því að virða þá, en ekki að taka fram fyrir hendur þeirra þegar börn þeirra eru annars vegar.**

Heimurinn reynir hins vegar að skilgreina hlutverk kenna og mæðra. Konum nútímans er talin trú um að þær þurfi glæsilegan starfsferil, að vera í hvers kyns samtökum og að eignast börn, hafi þær tök á því. Hið hefðbundna móðurhlutverk er á hröðu undanhaldi. Ég undirstrika: Við megum ekki leyfa heiminum að draga úr gildi þess sem við vitum að gefin er með guðlegri forsjá.

Systur, ég beini nú máli mínu beint til ykkar um stund. Það er blessun okkar og ábyrgð sem þegnar Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu, að efla og styðja fjölskyldueininguna. Allir tilheyra fjölskyldu og allar fjölskyldur þarf að styrkja og vernda.

Mín eigin móðir og amma veittu mér mestu hjálpina við að verða hús-móðir og síðan systur í Líknarfélaginu í hinum ýmsu deildum sem við höfum átt aðild að. Ég lærði heimilishald og sá gleðina sem veittist af því að skapa heimili þar sem aðrir vildu dvelja. Nýjar leiðbeiningar um heimilis-, fjölskyldu-, og sjálfseflingarfundi og

starfsemi tóku gildi í janúar 2006. Þær sjá öllum systur fyrir auknum sveigjanleika til þátttöku í Líknarfélaginu. Leiðtogar Líknarfélagsins, gangið úr skugga um að fundirnir og starfsemin sem þið skipuleggið verði til að efla heimili allra systranna.

Heimsóknarkennslan er annað tæki til að efla fjölskylduna. Ég vona að þið eigið allar kost á að vera heimsóknarkennarar. Heimsóknarkennarar efla ekki aðeins systurnar andlega, heldur eru þær einnig í einstæðri stöðu til að uppfylla og meta þarfir. Leiðtogar Líknarfélagsins, verið virkar á velferðarfundum ykkar og ræðið andlegar og stundlegar þarfir, sem heimsóknarkennarar hafa tilgreint.

### Hin hreina ást Krists

Þau ykkar sem eruð gift, hugsið til baka. Hvers vegna urðuð þið ástfangin af maka ykkar? Ef þið minnst þess, getið þið fyllst anda fyrirgefningar. Tjáið hvort öðru ást ykkar. Eiginkona getur gert gæfumuninn hvað eiginnmann hennar varðar, með því að efla

sjálfstraust hans. Eiginmaður getur lýst upp myrkan dag með þessum þremur einföldum orðum: „Ég elska þig.“ Ein stærsta gjöf sem foreldrar geta gefið börnum sínum er að sýna þeim að þau elski hvort annað.

Hlutverk okkar sem foreldrar og uppallendur réttlátra barna, er að sjá fyrir þeim, vernda þau og ala önn fyrir þeim og það gerum við sem jafningjar. Við gerum það sama sem leiðtogar. Það krefst mikillar vinnu að vera leiðtogi. Það krefst mikillar vinnu að vera foreldri. Við verðum fyrir vonbrigðum, en höldum samt áfram. Ég tel að við lærum mikið um hina hreinu ást Krists í fjölskyldu okkar og með þjónustu í kirkjunni.

Við þurfum sem foreldrar að sýna börnum okkar þá elsku sem himneskur faðir sýnir okkur. Í Moróni 8:17 er ritað: „Ég er fullur kærleika, sem er ævarandi elska.“ Bætið við þessum orðum Drottins: „Klæðist bandi kærleikans, sem kyrtill væri, bandi fullkomunnar og friðar“ (K&S 88:125). Ég býð ykkur að klæðast kyrtli kærleikans í öllum ykkar samskiptum, og umvefja fjölskyldu ykkar hinni hreinu ást Krists.

Megi Drottinn blessa okkur, sem fjölskyldur og leiðtoga, við að umlykja þá sem við elskum í kyrtli kærleikans, svo við getum snúið að nýju í návist föður okkar á himnum til að dvelja að eilífu hjá honum. Í nafni Jesú Krists, amen.

### HEIMILDIR

1. Sjá „Gleðjist í forréttindum þjónustu,“ Gordon B. Hinckley, *heimsþjálfunarfurndur*, 21. júní 2003, 22.
2. „Fjölskyldan: Yfirlýsing til heimsins,“ *Vonarstjarnan*, júní 1996, 10.
3. “Stand Strong against the Wiles of the World,” *Ensign*, nóv. 1995, 100.

# Himnesk heimili, ævarandi fjölskyldur

THOMAS S. MONSON FORSETI

Fyrsti ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu



## Byggja upp eilíft heimili

Í anda auðmýktar er ég fulltrúi Æðsta forsætisráðsins, sem síðasti Læðumaður þessarar samkomu. Við höfum notið innblásturs og fræðslu af orðum öldungs Bednar, öldungs Perry og systur Parkin. Kjarni umfjöllunarefnis okkar hefur verið heimilið og fjölskyldan og útskýrt hefur verið að „heimilið sé grundvöllur réttláts líferniss og að ekkert annað geti komið í stað þess eða uppfyllt nauðsynlegt hlutverk þess.“<sup>1</sup>

Heimili er miklu meira en hús reist úr timbri eða steinsteypu.

Heimili byggist á ást, fórn og virðingu. Við berum ábyrgð á því heimili sem við stofnum til. Við verðum að vanda til verksins, því í eilífðinni tjöldum við ekki til skamms tíma. Við munum upplifa skín og skúrir og gleði og sorg, en ef við gerum ávallt okkar besta, getur heimili okkar orðið að nokkru leyti sem himnaríki á jörðu. Hugsanir okkar og verk, eða það líferni sem við tileinkum okkur, leggja ekki aðeins drög að velgengni okkar á jörðu, heldur marka einnig stefnu okkar á eilíf gildi.

Sumar fjölskyldur hinna Síðari daga heilögu eru saman settar af móður, föður og börnum, öll á einu heimili, en aðrar hafa upplifað ljúfsárt dauðsfall eins í fjölskyldunni, síðan annars og jafnvel enn annars. Stundum er fjölskylda aðeins einn einstaklingur. Hver svo sem samsetning fjölskyldunnar kann að vera, þá heldur hún áfram að eiga tilveru – því fjölskyldur geta orðið eilífar.

Við getum lært af húsasmiðameistarum – já, sjálfum Drottinni. Hann hefur kennt hvernig við eigum að bera okkur að við verkið. Hann sagði: „Hvert það ... heimili, sem er sjálfu

sér sundurþykkt, fær ekki staðist“ (Matt 12:25). Síðar sagði hann: „Sjá, hús mitt er hús reglu, ... en ekki hús glundroða“ (K&S 132:8).


Í opinberun sem gefin var spámanninum Joseph Smith 27. desember árið 1832, í Kirtland, Ohio, sagði meistarinn: „Komið reglu á líf yðar. Gjörið allt gagnlegt til reiðu og stofnið hús, já, hús bænar, hús föstu, hús trúar, hús fræðslu, hús dýrðar, hús reglu, hús Guðs“ (K&S 88:119; sjá einnig 109:8).

Getum við fundið skilmerkilegri og viturlegri leiðbeiningar til að stofna slíkt hús? Slíkt hús mundi uppfylla þann byggingarstaðal sem skýrt er frá í Matteus og væri „grundvallað á bjargi“ (Matt 7:24, 25; sjá einnig Lúk 6:48; 3 Ne 14:24, 25) og myndi standast steypiregn, flóð |mótlætis, og storma efasemda, sem blása í síbreytilegum og hrjáðum heimi.

Sumir gætu efast og spurt: „En opinberun þessi var gefin í tengslum við byggingu musteris. Á hún við nú á tímum?“

Svar mitt er: „Sagði postulinn Páll ekki: „Vitið þér eigi, að þér eruð musteri Guðs og að andi Guðs býr í yður?“ (1 Kor 3:16).

Látum Drottin vera aðalverktaka byggingar okkar. Sjálf getum við verið undirverktakar og borið ábyrgð á öllum nauðsynlegum þáttum verksins. Öll erum við því húsasmiðir. Auk þess að byggja upp okkar eigið hús og heimili, berum við ábyrgð á að gera okkar hlut við að byggja upp ríki



Guðs hér á jörðu, með dyggri og góðri þjónustu í kirkjuköllum okkar. Ég ætla að leggja fram leiðsögn frá Guði, lífsins lexíu og atriði til að hyggja að er við hefjumst handa við verkið.

**Krjúpið til að biðja**

„Treystu Drottni af öllu hjarta, en reiddu þig ekki á eigið hyggjuvit. Mundu til hans á öllum þínum vegum, þá mun hann gjöra stigu þína slétta“ (Okv 3:5–6). Svo mælti hinn vitri Salómon, sonur Davíðs, konungur Ísraels.

Á meginlandi Ameríku, sagði Jakob, bróðir Nefis: „Lítið til Guðs með staðföstum huga, biðjið til hans í sterkri trú“ (Jakob 3:1).

Þessi guðlega innblásna leiðsögn veitist okkur nú, líkt og vatnið tært er fellur í skrælnaða jörð. Við lifum á erfiðum tímum.

Fyrir fáeinum kynslóðum var vart hægt að ímynda sér heiminn eins og hann er nú á okkar tímum og vandann sem hann stendur frammi fyrir. Við erum umlukkt siðleysi, klámi, ofbeldi, eiturlyfjum, auk fjölda annars sem illt er og hrjáir samfélög nútímans. Við höfum ekki aðeins þá

**Meistarinn sagði: „Komið reglu á líf yðar. Gjörið allt gagnlegt til reiðu og stofnið hús, já, hús bænar, hús föstu, hús trúar, hús fræðslu, hús dýrðar, hús reglu, hús Guðs.“**

LIÓSWYND EFTIR BUSATH-LÍÓSWYNDASTOFUNA OG MATTHEW REIER; ÍMYND KRISTIS, EFTIR HEINRICH HOFMANN, BIRT MÆD LÍEVI C. HARRISON CONROY CO.

áskorun, jafnvel ábyrgð, að varðveita okkur sjálf „[óflekkud] af heiminum“ (Jakbr 1:27), heldur einnig að leiða börn okkar, og aðra sem við berum ábyrgð á, örugglega í gegnum stórsjó syndar, sem alla umlykur, svo við getum dag einn snúið að nýju til himnesks föður.

Að kenna fjölskyldu okkar kefst nærveru okkar, tíma og áreynslu. Ef kennsla okkar á að vera árangursrík, verðum við ávallt að sýna fjölskyldu okkar gott fordæmi og gefa okkur tíma með hverjum einstökum í fjölskyldunni, og einnig til leiðsagnar og ráðagerðar.

Oft finnst okkur verkefnið yfirþyrmandi. Hjálpin er þó innan seilingar. Sá er þekkir öll sín börn mun svara okkar innilegu og hjartnæmu

bænum, er við leitum hjálpar við að leiða þau. Slík bæn mun leysa meiri vanda, draga meira úr þjáningum, afstýra fleiri misgjörðum og koma til leiðar meiri friði og sátt í hjarta mannsins, en nokkuð annað fær gert.

Auk þessarar ábyrgðar sem við berum á okkar eigin fjölskyldu, höfum við verið kölluð til embætta og ábyrgðar á öðrum. Sem biskup eða ráðgjafi, sem leiðtogi prestdæmis eða aðildarfélags, gefst þér tækifæri til að hafa áhrif á líf annarra. Huga þarf að þeim sem tilheyra hlutaaðildarfjölskyldum eða lítt virkum fjölskyldum; einhverjir kunna að hafa snúið baki við foreldrum sínum, skellt skollaeyrum við fyrirbænum þeirra og leiðsögn. Við getum vel verið verkfæri í hendi Drottins við að hafa áhrif á einhvern í slíkum

aðstæðum. Án leiðsagnar okkar himneska föður getum við þó ekki gert allt það sem við höfum verið kölluð til að gera. Slíka hjálp hljótum við fyrir bæn.

Þekktur Bandarískur dómari var spurður að því hvað við öll, sem borgarar í löndum þessa heims, gætum gert til að draga úr glæpum og óhýðni við landslög og færa okkur sjálfum og þjóðum okkar frið og sátt. Hann varð íhugull og svaraði: „Ég myndi leggja til að við biðja fjölskyldubænin.“

Erum við ekki þakklát fyrir að fjölskyldubænin eru ekki forn siður hjá okkur? Það er djúp merking sem felst í þessu orðatiltæki sem

oft er vitnað í: „Þær fjölskyldur standa saman sem biðja saman.“

Drottinn sjálfur bauð okkur að hafa fjölskyldubænin með þessum orðum: „Biðjið með fjölskyldum yðar til föðurins, ætíð í mínu nafni, svo að eiginkonur yðar og börn megi blessuð verða“ (3 Ne 18:21).

Við megum ekki, sem foreldrar, sem kennarar og sem leiðtogar, hver sem staða okkar er, freista þess, í hinni hugsanlega hættulegu ferð um jarðlífið, að vera án aðstoðar himins, við að leiða þá sem við berum ábyrgð á.

Þegar við komum fram fyrir Guð í fjölskyldubænum og einkabænum okkar, skulum við gera það í trú og trausti á hann. Krjúpið til að biðja.

### Rísið upp til að þjóna

Við skoðum líf Drottins okkur til fordæmis. Líf Jesú, er hann þjónaði meðal manna, er líkt og leiðarljós gæskunnar. Hann læknaði lamaða, veitti blindum sýn, daufum heyrn og reisti upp dána.

Dæmisögur hans voru kröftugar. Sagan Miskunnsami Samverjinn kennir okkur: „Elska skaltu náunga þinn“ (sjá Lúk 10:30–35). Hann kenndi okkur hluttekningu er hann sýndi konunni góðvild sem sökuð var um hórdóm (sjá Jóh 8:3–11). Hann kenndi okkur að vinna að framþróun okkar og fullkomnun með dæmisögunni um talenturnar (sjá Matt 25:14–30). Vel má vera að hann hafi verið að búa okkur undir hlutverkið að efla eilífa fjölskyldu.



Hvert okkar – hvort sem við erum leiðtogar prestdæmis eða aðildarfélagi – hefur tekið á móti helgri köllun sinni. Við höfum verið sett í embætti til að vinna verkið sem við höfum verið kölluð til að leysa af hendi. Í Kenningu og sáttmálum 107:99 segir Drottinn: „Lát því hvern mann læra skyldu sína og starfa af fullri kostgæfni í því embætti, sem hann hefur verið tilnefndur í.“ Þegar við leggjum okkar af mörkum við að blessa og styrkja þá sem við berum ábyrgð á í kirkjuköllunum okkar, munum við í raun blessa og styrkja fjölskyldur þeirra. Sú þjónusta sem við innum af hendi í fjölskyldum okkar og kirkjuköllunum, getur þannig haft eilífar afleiðingar.

Fyrir mörgum árum, þegar ég var biskup í fjölmennri og margbreytilegri deild í miðbæ Salt Lake City, sem í voru yfir þúsund manns, þurfti ég að takast á við margskonar aðstæður.

Síðdegis á sunnudegi nokkrum var hringt í mig frá lyfjabúð sem var innan svæðismarka deilarinnar. Eigandi hennar sagði að fyrr um morguninn hefði drengur nokkur komið í búðina og keypt sér ískex úr goskælinum. Hann hefði greitt fyrir með peningum sem hann tók úr umslagi og gleymt að taka það með sér þegar hann fór. Þegar eigandanum gafst tækifæri til að skoða betur umslagið sá hann að það var gjafaumslag fyrir föstuförn og var nafn og símanúmer deilarinnar

skrifað á það. Þegar hann hafði lýst drengnum sem kom í búðina hans – þekkti ég hann strax, sem ungan djákna úr deildinni, sem var í lítt virkri fjölskyldu.

Fyrstu viðbrögð mín voru áfall og vonbrigði yfir að einn af djáknunum okkar tæki peninga sem ætlaðir voru föstusjóði, fyrir þá sem voru í neyð staddir, til að kaupa sér góðgæti á sunnudegi. Ég ákvað að heimsækja drenginn um eftirmiðdaginn til að greina honum frá helgi sjóða kirkjunnar og þeirri skyldu hans sem djákna að safna saman föstuförnum og að vernda þann sjóð.

Þegar ég ók að heimili fjölskyldu hans, flutti ég bæn í hljóði til að hljóta leiðsögn um hvað ég gæti sagt við þessar aðstæður. Er ég kom á ákvörðunarstað knúði ég dyra. Móðir drengsins kom til dyra og mér var boðið inn í stofu. Þótt herbergið væri illa upplýst, sá ég að það var lítið og hrjállegt. Fábrotin húsgögnin þar voru tötraleg. Móðir hans virtist sárþreytt.

Gremjan sem ég bar í brjósti vegna breytni sonar hennar um morguninn hvarf er mér varð ljóst að fjölskyldan bjó við raunverulega neyð. Ég fann mig knúinn til að spyrja móður hans hvort matur væri til á heimilinu. Með tárin í augunum viðurkenndi hún að heimilið væri matarlaust. Hún sagði mér að eiginmaður hennar hefði verið atvinnulaus um tíma og að þau væru í mikilli

neyð, ekki aðeins vegna matarskorts, heldur einnig vegna peningaskorts, því þau hefðu ekki getað greitt leigu og ættu á hættu að vera borin út úr litla húsinu þeirra.

Ég minntist ekki orði á gjafaumslagið, því mér varð ljóst að drengur-



**Sú þjónusta sem við innum af hendi í fjölskyldum okkar og kirkjuköllunum, getur haft eilífar afleiðingar.**

inn hafði líklega verið örviða af hungri þegar hann gekk framhjá lyfjabúðinni. Þess í stað sá ég þegar í stað til þess að fjölskyldan fengi aðstoð, að hún fengi matvæli og hefði örugglega þak yfir höfuðið. Að auki, með aðstoð prestdæmisleiðtoga deildarinnar, tókst okkur að útvega eiginmanni hennar atvinnu, svo hann gæti séð fjölskyldu sinni fyrir lífsviðurværi til frambúðar.

Sem leiðtogar prestdæmis og aðildarfélagi, höfum við rétt á aðstoð Drottins við að efla kallanir okkar og að framfylgja ábyrgð okkar. Leitið hans hjálpar, og þegar þið hljótið innblástur, farið þá eftir þeim innblæstri er þið ákveðið hvert fara skal,

hvað að sjá, hvað að segja og hvernig að segja það. Við getum endalaust velt fyrir okkur einhverri ákveðinni hugsun, en við blessum ekki aðra fyrir en við breytum samkvæmt þeirri hugsun.

Megum við vera sannir hirðar þeirra sem við berum ábyrgð á. John Milton orti í ljóði sínu, „Lycidas“: „Hinn hungraði sauður lítur upp og er vannærður“ (lína 125). Drottinn sjálfur sagði við spámanninn Esekíel: „Vei hirðum Ísraels, er ... [eigi] halda sauðunum til haga“ (Esek 34:2–3).

Við berum ábyrgð á að annast hjörðina – hina dýrmætu sauði, lömbin ljúfu, sem hvarvetna finnast – á heimili okkar í eigin fjölskyldu, á heimilum ættmenna okkar og svo eru þeir sem tengjast kirkjuköllum okkar. Jesús er fyrirmynd okkar. Hann sagði: „Ég er góði hirðirinn og þekki mína“ (Jóh 10:14). Ábyrgð okkar er að annast hjörðina. Megum við öll rísa upp til að þjóna.

### Komið öðrum til bjargar.

Á leiðinni um lífsins veg verður mannfall. Sumir fara ekki eftir vegvísunum, sem vísa leiðina til eilífs lífs, aðeins til að komast að því að hjáleidir munu að lokum leiða okkur í sjálfheldu. Tómlæti, ógætni, eigin-girni og synd, allt tekur þetta sinn toll í lífi manna. Til eru þeir, sem af óskýrðum ástæðum, marsera í takt við annarsskonar hljómfall, og komast svo að því síðar að þeir hafa látið teymast til sorgar og þjáningar.

Árið 1995 höfðaði Æðsta forsætisráðið til þeirra sem villst hafa frá hjörð Krists og gaf út sérstaka yfirlýsingu með yfirskriftinni „Boð um að koma til baka.“ Orðsendingin er á þessa leið:

„Við viljum hvetja ykkur, sem af einhverjum ástæðum hafið upplifað ykkur utan umvefjandi elsku kirkjunnar, til að koma aftur. Við bjóðum ykkur að koma aftur og njóta þeirrar hamingju sem þið eitt sinn gerðuð. Þið munuð komast að því að margir taka ykkur opnum örmum til að



bjóða ykkur velkomin, aðstoða ykkur og hughreysta.

Kirkjan þarfnast styrks ykkar, elsku, hollustu og tryggðar. Sú leið er mörkuð og örugg sem eintaklingar fara til að hljóta að nýju blessun fullrar kirkjuaðildar og við erum reiðubúnir að taka á móti öllum sem það vilja.“

Kannski mun síendurtekinn vettvangur heimilisins færa nær tækifæri ykkar til að koma öðrum til bjargar. Við skulum líta á fjölskyldu piltsins Jack. Á æskuárum Jacks rifust hann

og faðir hans oft harkalega. Dag einn, þegar hann var sautján ára, rifust þeir afar harkalega. Jack sagði við föður sinn: „Nú er mælirinn fullur. Ég flyt að heiman og kem aldrei aftur!“ Hann fór til herbergis síns og tók saman föggur sínar í tösku. Móðir hans grátaði hann að fara ekki, en hann hlustaði ekki fyrir reiði. Hann skildi við hana í dyragættinni.

Þegar hann var við það að ganga út um garðhliðið, heyrði hann föður sinn kalla á eftir sér: „Jack, ég veit að ég á mikla sök á því að þú ferð í burtu. Mér þykir það afar leitt. Ég vil að þú vitir, að ef þú villt einhvern tíma koma aftur heim, ertu alltaf vel-

kominn. Og ég skal reyna að vera þér betri faðir. Ég vil að þú vitir að ég elska þig og það mun ég alltaf gera.“

Jack varð þögull, en fór á rúttstöðina og keypti miða til fjarlægs staðar. Þegar hann sat í rúttunni og fjarlægðist stöðugt heimili sitt, varð honum hugsað um orð föður síns. Það rann smám saman upp fyrir honum hversu mikið hugrekki og hversu mikla ást faðir hans hafði sýnt með því að segja það sem hann sagði. Faðir hans hafði beðist afsökunar. Hann hafði beðið hann að koma til baka og orð hans bergmál-uðu í höfði Jack í sumarhitnum: „Ég elska þig.“

Jack varð ljóst að hann ætti næsta leik. Honum varð ljóst að eina leiðin til að hann hlyti frið var að koma fram við föður sinn af sama þroska, góðvild og ást og faðir hans hafði sýnt honum. Jack fór út úr rúttunni.



**Megum við vera sannir hirðar þeirra sem við berum ábyrgð á.**

Hann keypti miða til baka og hélt heim á leið.

Hann kom heim stuttu eftir miðnætti, fór inn í húsið og kveikti ljósin. Hann sá föður sinn álútan í ruggustólnum. Þegar hann leit upp og sá Jack, stóð hann upp úr stólnum og þeir föðmuðust í flýti. Jack sagði síðar: „Þessi síðustu ár sem ég var heima voru meðal þeirra bestu í lífi mínu.“

Hér var faðir sem bældi reiði og stolt og kom syni sínum til bjargar, áður en hann varð hluti af hinni fjölmennu „týndu liðsveit“, uppflósnaðra fjölskyldna og heimila. Kærleikur var aflið sem læknaði og græddi; kærleikur sem við skynjum svo oft, en sýnum sjaldan.

Frá Sínaíffalli dynur í eyrum okkar: „Heiðra föður þinn og

móður þína“ (2 Mós 20:12) og síðar þessi boð frá hinum sama Guði: „Þér skuluð búa saman í kærleika“ (K&S 42:45).

**Fylgjum leiðsögn Drottins**

Krjúpið til að biðja. Rísið upp til að þjóna Komið öðrum til bjargar. Allt er þetta mikilvægt í áætlun Guðs, til að gera hús að heimili og heimili að himnaríki.

Jafnvægi er lykilatriði hvað varðar helga ábyrgð okkar á heimilinu og í kirkjuköllunum okkar. Við verðum að nota heilbrigða skynsemi, innblástur og dómgreind, er við önnumst fjölskyldur okkar og uppfyllum kirkjukallanir okkar, því sérhver er ólýsanlega dýrmætur. Við megum ekki vanrækja fjölskyldur okkar. Við megum ekki vanrækja kirkjukallanir okkar.

Vöndum til verksins, forðumst hjáleiðir og fylgjum leiðsögn hans. Þá mun Drottinn, já, sá er tekur út verkið, segja við okkur, líkt og hann sagði er hann birtist Salómon, sem var húsbyggjandi á öðrum tíma: „Ég hefi helgað þetta hús, sem þú hefir reist, með því að ég læt nafn mitt búa þar að eilífu, og augu mín og hjarta skulu dvelja þar alla daga“ (1 Kon 9:3). Heimili okkar verða þá himnesk og fjölskyldur okkar eilífar og við munum einnig geta hjálpað, styrkt og blessað aðrar fjölskyldur.

Ég bið af auðmýkt og einlægni að við öll megum hljóta þessar blessanir. Í nafni Jesú Krists, amen.

**HEIMILDIR**

1. Sjá bréf frá Æðsta forsætisráðinu, dagsett 11. febr. 1999; sjá *Liabona*, des. 1999, 1.

# FJÖLSKYLDAN

## YFIRLÝSING TIL HEIMSINS

ÆÐSTA FORSÆTISRÁÐIÐ OG RÁÐ POSTULANNA TÓLF  
Í KIRKJU JESÚ KRISTS HINNA SÍÐARI DAGA HEILÖGU

VIÐ, ÆÐSTA FORSÆTISRÁÐIÐ og ráð postulanna tólf í Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu, lýsum því háttíðlega yfir að hjónaband milli karls og konu er vígt af Guði og að fjölskyldan er kjarninn í áætlun skaparans um eilíf örlög barna hans.

ALLAR MANNLEGAR VERUR – karlar og konur – eru skapaðar í mynd Guðs. Hver þeirra er ástkær andasonur eða dóttir himneskra foreldra, og sem slík á sérhvert þeirra sér guðlegt eðli og örlög. Kynferði er nauðsynlegur eiginleiki einstaklingsins, sem einkennir hann og samræmist tilgangi hans í fortilveru, jarðneskri tilveru og um eilífð.

Í FORTILVERUNNI ÞEKKTU og tilbáðu andasynir og dætur Guðs hann sem eilífan föður og samþykktu áætlun hans, en samkvæmt henni gátu börn hans hlotið efnislíkama og öðlast jarðneska reynslu til að feta í átt að fullkomnun og að lokum gera að veruleika guðleg örlög sín sem erfingjar eilífs lífs. Hin guðlega sæluáætlun gerir fjölskylduböndin varanleg handan grafar. Helgiathafnir og sáttmálar í heilögum musterum gera mönnum mögulegt að komast aftur í návist Guðs og fjölskyldum að sameinast að eilífu.

FYRSTA BOÐORÐIÐ sem Guð gaf Adam og Evu varðaði mögulegt foreldrahlutverk þeirra sem eiginmanns og eigin konu. Við lýsum því yfir að boðorð Guðs til barna hans um að margfaldast og uppfylla jörðina er enn í gildi. Við lýsum því jafnframt yfir að Guð hefur boðið að hinn helgi sköpunarkraftur skuli aðeins notaður milli karls og konu í löglega vígðu hjónabandi.

VIÐ LÝSUM því yfir að leiðin til sköpunar jarðlífsins sé guðlega tilnefnd. Við staðfestum helgi lífsins og mikilvægi þess í eilífri áætlun Guðs.

EIGINMAÐUR OG EIGINKONA bera þá helgu ábyrgð að elska og annast hvort annað og börn sín. ‘Synir eru gjöf frá

Drottni, ávöxtur móðurkviðarins er umbun’ (Sálm 127:3). Foreldrum ber helg skylda til að ala börn sín upp í kærleika og réttlæti, að sjá fyrir líkamlegum og andlegum þörfum þeirra, að kenna þeim að elska hvort annað og þjóna hvort öðru, að virða boðorð Guðs og vera löghlýðnir þegnar, hvar sem þau búa. Eiginmenn og eiginkonur – mæður og fedur – verða ábyrg frammi fyrir Guði, ef þau bregðast þessum skyldum.

FJÖLSKYLDAN er vígð af Guði. Hjónaband milli karls og konu er nauðsynlegt eilífri áætlun hans. Börn eiga rétt á því að fæðast innan hjónabandsins, vera alin upp af föður og móður sem heiðra hjónabandseiða sína af fullkominni tryggð. Hamingju í fjölskyldulífi hljóttum við fyrst og fremst þegar við byggjum á kenningum Drottins Jesú Krists. Farsælt hjónaband og fjölskyldulíf byggist og varðveitist á reglum trúar, bænar, iðrunar, fyrirgefningar, virðingar, kærleika, umhyggju, vinnu og heilbrigðrar dægrastyttingar. Samkvæmt guðlegri áætlun eiga fedur að sitja í forsæti fjölskyldu sinnar í kærleika og réttlæti og bera þá ábyrgð að sjá henni fyrir nauðsynjum lífsins og vernda hana. Meginábyrgð mæðra er að annast börnin. Við þessa helgu ábyrgð ber fedrum og mæðrum skylda til að hjálpa hvort öðru sem jafningjar. Sjúkdómar, andlát eða aðrar aðstæður geta gert persónulega aðlögun nauðsynlega. Ættingjar ættu að veita stuðning þegar með þarf.

VIÐ VÖRUM við því að þeir sem rjúfa sáttmála skírflífs, sem misþyrma maka eða barni, eða sinna ekki ábyrgð sinni gagnvart fjölskyldunni, munu síðar meir verða að standa ábyrgir gerða sinna frammi fyrir Guði. Enn fremur viljum við vara við því að sundrung fjölskyldunnar mun leiða yfir einstaklinga, samfélög og þjóðir þær hörmungar sem spámenn fyrr og nú hafa sagt fyrir um.

VIÐ BIÐJUM alla ábyrga þegna og opinbera embættismenn alls staðar að efla þá þætti sem ætlaðir eru til að varðveita og styrkja fjölskylduna sem grundvallareiningu þjóðfélagsins.



KIRKJA  
JESÚ KRISTS  
HINNA  
SÍÐARI DAGA HEILÖGU

ICELANDIC

